

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 28. september í máli nr. S-771/2006:

**Ákærvaldið**

*(Dagmar Arnardóttir fulltrúi)*

**gegn**

**Ólafur Már Jóhannessyni**

*(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)*

Ár 2006, fimmtudaginn 28. september, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara og dómur kveðinn upp í máli nr. S-771/2006: Ákærvaldið gegn Ólafi Má Jóhannessyni, sem dómtekið var 26. sama mánaðar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík höfðaði málið með ákæru útgefinni 16. maí 2006 á hendur ákærða, Ólafi Má Jóhannessyni, kt. 000000-0000, Hátúni 6, Reykjavík, til refsingar fyrir brot á 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, fyrir eftirgreindar hótanir, sem ákærði talaði inn á talhólf farsíma [A] fyrrum sambýliskonu sinnar, fæddrar [...] 1979, en hótanir þessar voru til þess fallnar að vekja hjá [A] ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína:

1. Laugardaginn 4. mars 2006, með svohljóðandi orðum: „... ég er á leiðinni heim til þín að stúta þessu liði ... og ef hann er ekki heima þá stúta ég þér.“
2. Sunnudaginn 5. mars 2006, með svohljóðandi orðum: „... treystu því ég kem og drep þig á eftir eða seinni partinn. Ég kem og stúta þér hórán þín. Djöfull skal ég berja þig, ég ætla að brjóta á þér kinnbeinin, ég ætla að smassa á þér andlitið, djöfull ætla ég að fara illa með þig. Ég hata þig svo heitt að ég geng frá þér [A], þú færð aldrei frið, ég mun stúta þér, stúta þér, stúta þér.“

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa.

I.

Þriðjudaginn 7. mars 2006 fór [A] á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir ofangreindar hótanir. Fram kom að þau hefðu verið í sambúð, en slitið henni 23. febrúar. Meðferðis hafði hún farsíma og heimilaði lögreglu að afrita umrædd skilaboð af talhólfi símans. [A] kvaðst óttast mjög um líf sitt og velferð vegna nefndra hótana og fór fram á að ákærði yrði settur í nálgunarbann. Hún

sagðist einnig óttast um son sinn, [B], en ákærði væri faðir hans. [A] sagði ákærða vera í mikilli vímuefnaneyslu og til alls líklegan, en hún teldi að hann væri siðblindur.

Ákærði var boðaður til yfirheyrslu daginn eftir og gekkst við því að hafa sent [A] skilaboðin, en gaf þá skýringu að kunningi hennar hefði verið að áreita hann með SMS skilaboðum laugardaginn 4. mars, hann reiðst [A] fyrir vikið og þess vegna talað inn á hólf hennar þau skilaboð, sem tilgreind eru í 1. og 2. tölulið að ofan. Ákærði tók fram að umrædd orð hefðu fallið í mikilli reiði, hann meinti ekkert með þeim og myndi aldrei skaða fyrrum sambýliskonu sína.

Meðal gagna málsins eru hljóðupptökur af títtnefndum skilaboðum og dagbókar skýrslur lögreglu, sem bera með sér að samskipti ákærða og [A] hafi á köflum verið afar stormasöm og lögregla ítrekað haft afskipti af málefnum þeirra.

## II.

Fyrir dómi neitaði ákærði sök, en játti rétt að hann hefði sent [A] þau tvenn skilaboð, sem ákært er út af og hann las inn á talhólf farsíma hennar 4. og 5. mars 2006. Að sögn ákærða hefðu þau verið nýlega hætt saman á þessum tíma, [A] verið „í tómu tjóni“ vegna óreglu og verið að skemmta sér heilu næturnar. Þá hefði hún verið „farinn að dingla með einhverjum rugludalli úti í bæ“ og hefði blossað upp í ákærða mikil reiði og afbrýðisemi þegar hann hefði frétt af því. Þegar við þetta hefði bæst að „einhverjir gaurar“ hefðu hringt í hann að kvöldi 4. mars og verið með hótanir í hans garð, hefði ákærði misst stjórn á sér og sent henni skilaboðin tvö. Ákærði kannaðist við að í orðum hans hefði falist hótun, en sagði [A] ekki hafa tekið skilaboðunum jafn alvarlega og kæruskýrsla hennar hjá lögreglu bæri með sér, enda hefði hún átt að þekkja hann nógu vel til að vita að hann myndi aldrei gera henni mein. Hann kvað kærana vera runna undan rifjum [C] fyrrum sambýliskonu sinnar, sem hefði hvatt [A] til að kæra hann.

[A] bar fyrir dómi að hún og ákærði hefðu slitið sambúð í febrúar 2006, eftir að ákærði hefði tekið hana hálstaki og hún talið lífi sínu ógnað. Í kjölfarið hefði hún flutt út af sameiginlegu heimili með fjögurra ára son þeirra. Að sögn [A] hefði ákærði verið ósáttur við skilnaðinn. Hún kvaðst að öðru leyti ekki vita hver hefði verið ástæðan að baki skilaboðunum og kvað bæði rangt að hún hefði verið í óreglu og að hún hefði verið búin að kynnast öðrum manni. [A] kvaðst „að sjálfsgöðu“ hafa tekið mark á hótunum ákærða 4. og 5. mars og hún orðið hrædd, enda hefði hún annars ekki kært hann. Hún sagðist hafa óttast að hann myndi gera henni mein og tók fram að ákærði hefði „tekið í“ hana áður. Aðspurð kvaðst [A] þekkja [C] fyrrum sambýliskonu ákærða, sagði rétt að hún hefði ráðfært sig við hana eftir að hafa fengið hótanirnar og þá fundið fyrir stuðningi. Tók [A] fram að hún „hefði ekki þorað að kæra þetta annars.“ Hún kvað öll samskipti við ákærða hafa fallið niður eftir hótanirnar, en ákærði hefði nokkru síðar beðist afsökunar og hún fyrirgefið honum. Væru samskipti þeirra ágæt í dag.

## III.

Samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður hefur í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða

velferð sína eða annarra.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa tvívegis, laugardaginn 4. mars og sunnudaginn 5. mars 2006, hringt í farsíma [A] og sett skilaboð inn á talhólf símans, þar sem fram kemur ítrekuð hótun um að hann muni heimsækja hana, valda henni stórkostlegum líkamsmeiðingum og drepa hana. Þarf engum að dyljast, sem hlýðir á skilaboðin, einkum hin síðari, að þau eru í senn hatrömm og sett fram af slíkri yfirvegum, að bersýnilegt er þau hafi verið til þess fallin að vekja hjá [A] raunhæfan ótta um líf sitt eða velferð. Að þessu virtu og með hliðsjón af vitnisburði [A] fyrir dómi, sem styður eindregið sömu ályktun, velkist dómurinn ekki í vafa um að ákærði hafi gerst brotlegur við ákvæði 233. gr. hegningarlaganna, svo sem honum er gefið að sök í ákæru. Ber því að sakfella hann því til samræmis.

#### IV.

Ákærði er 37 ára að aldri. Samkvæmt sakavottorði var hann 22. júní 1998 dæmdur í sextíu daga varðhald, skilorðsbundið tvö ár, fyrir meiriháttar líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga á fyrrverandi sambýliskonu sína. Þá var ákærði með dómi Hæstaréttar 21. nóvember 2002, í máli nr. 370/2002, dæmdur í tíu mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir minni- og meiriháttar líkamsárásir samkvæmt 217. og 1. mgr. 218. gr. hegningarlaganna, sem og húsbrot og eignaspjöll. Framangreind brot beindust öll með einum eða öðrum hætti að fyrrverandi sambýliskonu hans, [C]. Ákærða var 15. ágúst 2003 veitt reynslulausn á eftirstöðvum 100 daga refsingar samkvæmt hæstaréttardóminum og stóðst eins árs skilorð hennar.

Við ákvörðun refsingar er óhjákvæmilegt að líta til ofangreinds sakaferils, aldurs ákærða og forsögu hans um gróft ofbeldi. Þá voru umræddar hótanir einkar svívirði legar og verða fráleitt réttlættar með því að [A] hafi gefið tilefni til þeirra, enda var henni heimilt að haga einkalífi sínu að vild, án afskipta ákærða, eftir sambúðarslitin við hann. Ákærða stoðar því ekki að bera fyrir sig ákvæði 4. töluliðs 74. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga verður á hinn bóginn ekki fallist á með ákæruvaldinu að heimilt sé að þyngja refsingu ákærða sérstaklega á grundvelli 1. gr. laga nr. 27/2006 um breyting á almennum hegningarlögum (heimilisofbeldi), enda var sú breyting ger 3. apríl 2006 og tók gildi við birtingu laganna 2. maí. Hótunarbrot ákærða þykir engu síður grafalvarlegt og hefur hann ekki viljað gangast við því. Þess í stað hefur ákærði gert sér far um að sverta [A] og réttlætt hótanir sínar, annars vegar með því að [A] hafi gefið honum afsakanlegt tilefni til þeirra og hins vegar með því að um hafi verið að ræða innihaldslaus orð, sem hún eigi ekki að hafa tekið mark á. Í ljósi ofbeldisfullrar forsögu ákærða, sem [A] var að nokkru kunn, telur dómurinn þvert á móti að henni hafi mátt standa rík ógn af nefndu framferði ákærða. Að þessu virtu verður ekki séð að hann eigi sér nokkrar málsbætur.

Með hliðsjón af framansögðu og einnig dómum Hæstaréttar 10. október 2002 í máli nr. 182/2002, 9. júní 2005 í máli nr. 142/2005 og loks 14. september 2006 í máli nr. 152/2006 þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði, sem ekki er fært að skilorðsbinda í ljósi alvarleika málsins, aldurs ákærða og sakaferils hans.

Samkvæmt greindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu

sakarkostnaðar. Er hér ekki um annan kostnað að ræða en málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns. Í ljósi málflutnings yfirlýsingar verjandans um að hann afsalaði sér rétti til málsvarnarlauna, kæmi til sakfellingar ákærða, ber að líta svo á að engan sakarkostnað hafi leitt af málinu.

Dagmar Arnardóttir fulltrúi Lögreglustjórans í Reykjavík sótti málið af hálfu ákæru valdsins.

#### **DÓMSORÐ:**

Ákærði, Ólafur Már Jóhannesson, sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Jónas Jóhannsson